

## Fyrirspurn

til umhverfis- og auðlindaráðherra um útblástur frá flugvélum.

Frá Bjarkeyju Olsen Gunnarsdóttur.

1. Hvert er að meðaltali magn útblásturs gróðurhúsalofttegunda frá flugvélum sem skráðar eru héraðs og notaðar í millilandaflug á hvern floginn kílómetra?
2. Er munur á útblæstri þeirra flugvéla sem íslensk flugfélög nota í millilandaflugi hér á landi á gróðurhúsalofttegundum og ef svo er, hverju nemur hann?
3. Liggur fyrir hversu mikill útblástur gróðurhúsalofttegunda er á hverju ári af millilandaflugi opinberra starfsmanna og annarra sem ferðast á vegum ríkisins? Ef svo er óskast upplýsingar um það, ef ekki óskast upplýst hvort áformað er að taka upp slíkt bókhald.
4. Hyggst ráðherra beita sér fyrir kolefnisjöfnun vegna útblásturs koltvísýrings sem stafar af flugferðum á vegum ríkisins? Ef svo er, með hvaða hætti yrði það gert?
5. Hver er heildarlosun gróðurhúsalofttegunda vegna flugvéla sem skráðar eru hér á landi og hvernig skiptist losunin á milli innanlandsflugs og millilandaflugs?
6. Hversu stóran þátt eiga farþegaflugvélar sem skráðar eru á Íslandi í heildarlosun gróðurhúsalofttegunda frá íslenskri starfsemi og hvernig skiptist útblásturinn milli innanlandsflugs og millilandaflugs?

Skriflegt svar óskast.